

Föstudaginn 29. maí 1959.

Nr. 188/1958. Þórdís Halldórsdóttir (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Páli Blöndal (Guðmundur Pétursson hrl.)

og

Sigurði Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Landamerkjamála.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Jón sýslumaður Steingrims-son og samdómendurnir Guðmundur Jónsson skólastjóri og Kristján Guðmundsson afgreiðslumaður.

Áfrýjandi, Þórdís Halldórsdóttir, eigandi Neðra-Ness í Stafholtstungum, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1958 og gert þessar dómkröfur:

1. að landamerki Neðra-Ness annars vegar og Stafholtseyjar og Hamraenda hins vegar verði ákveðin eftir línu þeirri, sem dregin er með bláum lit á uppdraetti, dskj. nr. 43, og mörkuð er samkvæmt mælingum á dskj. nr. 39 um punktana 1-2-3-7-8-9-10-11-17-18, og
2. að henni verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi stefndu, Páls Blöndals, eiganda Stafholtseyjar, og Sigurðar Gíslasonar, eiganda Hamraenda, og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Páls Blöndals.

Hvor hinna stefndu krefst þess, að landamerkjadómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Engin gögn eru fram komin um, að hin svonefnda Kríueyri hafi á tíma, er máli getur skipt, verið tangi úr landi Neðra-Ness. Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, Páli Blöndal kr. 2.000,00 og Sigurði Gíslasyni kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórdís Halldórsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, stefnda Páli Blöndal kr. 2.000,00 og stefnda Sigurði Gíslasyni kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
18. september 1958.**

Mál þetta er höfðað með stefnu, út gefinni 16/6 1955, þingfest sama dag, áreið gerð 9/8 1955 og dæmt 10. s. m.

Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar, og með dómi hans 18/6 1956 var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Taldi Hæstiréttur, að dómur um eignarrétt yfir Kríueyri skipti Sigurð Gíslason, eiganda Hamraenda, máli, og bæri því að veita honum færi á að gerast aðili að málinu. Hafði Sigurður Gíslason í vitnamáli fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14/6 1956 — eða allöngu eftir, að málið var dæmt í héraði, lýst yfir því, að hann teldi sig eiga land undir Þverá á móts við Kríueyri, svo sem farvegur Þverár var, áður en landbrot hófst af landspildu hans, svonefndri Brennu, er liggur gegnt Kríueyri.

Málið var að nýju tekið fyrir í landamerkjadóminum 14/9 1956, og gerðist Sigurður Gíslason þá aðili þess. Hinn 11/8 1958 var áreið gerð að nýju og málið síðan tekið til dóms 16. þ. m.

I. Landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness.

Eigandi Stafholtseyjar hefur gert þær dómkröfur, að svonefnd Kríueyri og aðrar eyrar í Hvítá, sem liggja út af svonefndu Eyjarfaxi, verði með dómi réttarins taldar tilheyra jörðinni Stafholtsey og að landamerki Stafholtseyjar og Neðra-Ness verði ákveðin eftir rauðri línu, sem dregin er á uppdrátt af hinu umdeilda landssvæði, en lagður er fram sem dómskjal nr. 43 í málinu, og dregin er frá punkti 16 um punkta 15, 14, 13, 12 og að punkti 11. Jafnframt krefst hann, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi eiganda Neðra-Ness og Hamraenda in solidum.

Eigandi Neðra-Ness hefur gert þær dómkröfur, að landamerki Neðra-Ness annars vegar og Stafholtseyjar og Hamraenda hins vegar verði ákveðin eftir línu, sem dregin er með bláum lit á uppdrættinum á dómskjali 43 frá punkti 1 um 2, 3, 7, 8, 9, 10, 11, 17 og að 18. Einnig hefur hún krafizt, að sér verði

dæmdur málskostnaður úr hendi eigenda Stafholtseyjar og Hamraenda in solidum.

Til rökstuðnings kröfum sínum hefur eigandi Stafholtseyjar lagt fram landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 31/5 1890 og þinglesið sama dag, þar sem segir, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness, með þessari viðbót: „Það er að segja megináin, bæði fyrir ofan og neðan, þar er Þverá fellur í hana. Eyrar þær, er liggja í ánni út af svonefndu Eyjarfaxi, liggja undir Stafholtsey.“

Þá hefur hann lagt fram vottorð manna um og leitt vitni að, að um 1890 hafi sú kvísl Hvítár, er rennur sunnan Kríueyrar, verið örgrunn og lengi þar á eftir verið vatnsminni en hún er nú, — enn fremur, að eggjataka, að vísu lítilfjörleg, hafi átt sér stað af hálfu Stafholtseyjarbónda á Kríueyri um nokkurt árabíl.

Loks fullyrðir hann, að frá því nokkru fyrir 1940 hafi hann leigt laxveiði fyrir Kríueyri veiðifélagi því, er hafi Þverá á leigu, og fengið árlega greiðslu fyrir þau afnot.

Að lokum bendir hann á, að á herforingjaráðskorti frá 1910 sé sýslu- og hreppamarkalína sýnd um norðurkvísl Hvítár hjá Kríueyri.

Eigandi Neðra-Ness hefur lagt fram til rökstuðnings kröfum sínum landamerkjabréf fyrir Neðra-Nesslandi, dags. í maí 1890 og þinglesið 1892, og annað, dags. 8/12 1922, þinglesið 26/6 1923, og segir í báðum þessum landamerkjabréfum, að Hvítá ráði merkjum milli Neðra-Ness og Stafholtseyjar.

Þá hefur hún leitt vitni um, að um alllangan tíma hafi fé frá Neðra-Nesi runnið á Kríueyri, en eigi fé frá Stafholtsey.

Enn fremur hefur hún lagt fram vottorð frá þeim Ásbirni Guðmundssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og leitt þá Ásbjörn, Þorstein og Friðrik Þórðarson sem vitni þar um, að þeir hafi á árabílinu 1930—40 stundað stangaveiði fyrir Kríueyri samkvæmt leyfi Þorbjarnar bónda Sigurðssonar í Neðra-Nesi.

Loks hefur hún lagt fram leigusamning, dags. í jan. 1939, þar sem Þorbjörn Sigurðsson leigir þeim Ólafi Þorsteinssyni, Kristni Hallgrímssyni, Þorsteini Kristjánssyni og Guðjóni Jónssyni laxveiðirétt í Hvítá fyrir landi Neðra-Ness frá 1939 til 1943, og annan leigusamning, dags. 29/4 1952, þar sem hún leigir Ásgeiri Ásgeirssyni veiði fyrir Neðra-Nesslandi í Hvítá móti Brennuveiðum í fimm ár.

Við framhaldsflutning málsins hefur loks af hennar hálfu

verið lagt fram afrit af lögfestu Sigurðar Jónssonar fyrir Neðra-Nesi frá 10/1 1746 á dómskjali 27, er hún telur styðja dómkröfur sínar.

Landamerkjadómurinn telur — eftir að hafa athugað uppdrættina á dómskjölum 9 til 43, gert áreiðar á þrætustaðinn og heyrt framburð vitna, að augljóst sé, að miklar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár í námunda við Kríueyri frá 1890 til þessa tíma. Hann telur sannað, að um 1890 hafi aðalvatnsstraumur Hvítár fallið með Nesfaxi ofan Kríueyrar og síðan sameinazt Þverá og runnið norðan hennar. Samtímis hefur kvísl sú, er rann sunnan Kríueyrar, verið fremur grunn. Kemur þetta glögglega í ljós í landamerkjabréfi Stafholtseyjar, dómskj. 3, þar sem segir, að Þverá falli í meginána. Á næstu áratugunum hefur þetta breytt þannig, að vatn það, er fellur sunnan Kríueyrar, fer vaxandi, og um 1920 er svo komið, að áhöld eru orðin um, hvort meira vatn rennur norðan hennar eða sunnan. Eftir þann tíma hefur syðri kvíslin farið sífellt vaxandi og er nú orðin miklu vatnsmeiri en norðurkvíslin. Eyrar þær, sem þarna eru, hafa og breytt allmikið á þessu tímabili. Má gera ráð fyrir, að Faxeyrin hafi lengzt til vesturs og einnig eyrin fram af Stóru-Fit. Jafnframt mun Kríueyri hafa breikkað að ofanverðu, en eyrin, sem mun hafa verið rétt undir Eyjarfaxinu, horfið.

Landamerkjabréfin, dómskjöl 3 og 6, eru bæði gerð í maímánuði 1890. Eru þau samhljóða um það atriði, að Hvítá ráði merkjum milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness, en landamerkjabréf Stafholtseyjar skilgreinir það nánar með því að segja, að megináin, er Þverá fellur í, ráði merkjum, og bætir því við, að eyrar út af Eyjarfaxi liggi undir Stafholtsey. Í landamerkjabréfi Neðra-Ness frá 1922 eru ákvæði úr landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1890 tekin upp orðrétt, að því er varðar landamerki gagnvart Stafholtsey. Er viðurkennt af umboðsmanni eiganda Neðra-Ness, að bréfið muni hafa verið ritað upp vegna breyttra landamerkja gagnvart Kaðalstöðum. Virðist eigandi Stafholtseyjar hafa undirritað það án athugasemda, þar sem það er orðrétt ritað eftir fyrra bréfi, en eigi athugað, að landamerkjabréf Stafholtseyjar frá 1890 var fyllra eða hvaða breytingar kynnu að hafa orðið á rennsli árinna frá 1890.

Um not aðilja á þrætulandinu er það að segja, að þau virðast um langan tíma hafa verið næsta lítil. Það er vitað, að Stafholts-eyjarmenn hafa nokkuð sótt egg á Kríueyri, en aldrei í þeim mæli, að til atvinnu geti talizt. Hins vegar hefur í seinni tíð fé

frá Neðra-Nesi runnið á Kríueyri, en eigi virðast þau not geta talizt sönnun fyrir eignarrétti.

Hins vegar er það upplýst, að eigandi Neðra-Ness leigði laxveiði í Hvítá fyrir landi jarðar sinnar árið 1937, árin 1939 til 1943 og árin 1952 og síðan fyrir nokkurt gjald. Jafnframt er það upplýst, að leigjendur að veiði þessari stunduðu að einhverju leyti stangaveiði frá Kríueyri og byggðu rétt sinn til þeirrar veiði á samningi sínum við eiganda Neðra-Ness. Er ekki vitað, að eigandi Stafholtseyjar hafi mótmælt þessum veiðum. Hins vegar fullyrðir hann, og er eigi mótmælt af gagnaðilja, að hann hafi þegar fyrir árið 1940 leigt laxveiðirétt sinn fyrir Kríueyri félagi því, er hafði Þverá á leigu, fyrir árlega greiðslu. Því til sönnunar hefur hann lagt fram kvittun fyrir leigunni árin 1953 og 1954. Virðast þannig báðir aðiljar hafa talið sig eiga Kríueyri og tekið gjald fyrir afnot hennar um árabil.

Landamerkjadómurinn telur, að er landamerkjabréfin á dóm-skj. 3 og 6 voru gerð, hafi aðalvatnsmagn Hvítár fallið norðan Kríueyrar. Beri því að líta svo á, að Kríueyri hafi á þeim tíma tilheyrst Stafholtsey, samanber tilfærð ummæli í landamerkjabréfi þeirrar jarðar. Til stuðnings því má geta þess, að á herforingjaráðskortinu frá 1910, dómskjali 22, virðist aðalvatnsmagn árinna þá enn þá liggja í norðurkvíslinni, enda er merkjalína, er dregin er eftir Hvítá, lögð í þeirri kvísl. Virðist landamerkjabréf Neðra-Ness frá 1922 eigi geta hnekkt þessari niðurstöðu, því að það virðist undirritað út frá þeirri forsendu, að engar breytingar eigi með því að gera á landamerkjunum frá 1890, enda ósannað, að norðurkvíslin á þeim tíma hafi verið orðin meiri en syðri kvíslin. Þá ber og hér að hafa í huga ákvæði 2. málsg. 3. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

Eigi telur landamerkjadómurinn, að lögfestan á dómskjali 27 styðji kröfur eiganda Neðra-Ness, því að sennilegt er, að á þeim tíma, er hún er rituð, hafi meginvatnsmagn Hvítár runnið með Nesfaxi og norðan Kríueyrar.

Þá telur landamerkjadómurinn, að afnot þau, er eigandi Neðra-Ness hefur haft af veiði fyrir Kríueyri á undanförunum árum, geti eigi helgað henni eignarrétt að eyrinni, enda koma þar á móti sams konar afnot eiganda Stafholtseyjar af eyrinni.

Loks hefur eigandi Neðra-Ness haldið því fram, að allar þær eyrar, sem eru þarna á mótum Þverár og Hvítár, væru myndaðar af framburði ána og breyttust ár frá ári og jafnvel hyrfu eitt árið og kæmu upp annað árið á öðrum stað, og bæri því ekki að ákveða

landamerki með tilliti til þeirra. En á þessa skoðun hans getur landamerkjadómurinn ekki fallizt, því að honum virðist ljóst, að Kríueyri hafi staðið með svipuðum ummerkjum frá því fyrir 1890, og er hún nokkuð gróin að ofan, enda þótt sjá megi, að áin fer yfir hana í mjög miklum vöxtum.

Samkvæmt framansögðu verður landamerkjadómurinn að líta svo á, að taka beri til greina dómkröfu eiganda Stafholtseyjar um, að Kríueyri verði talin tilheyra þeirri jörð. Hins vegar getur hann eigi tekið til greina dómkröfu hans um, að eyrar í Hvítá ofan Kríueyrar og út af Eyjarfaxi (Faxeyri og eyri fram af Stóru-Fit) séu eign Stafholtseyjar, enda hefur hann sjálfur skýrt svo frá, að hann telji eigi víst, að Stafholtsey eigi þær eyrar. Þá ber og að líta á það, að líklegt má telja, að verulegur hluti af eyrum þessum hafi myndast á síðari árum, er vatnsmagn minnkaði í nyrðri kvísl Hvítár, en jókst í syðri kvíslinni.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að eyrar þær, er liggja ofan Kríueyrar, séu lausar fyrir og breytist árlega og einnig lænur þær, er milli þeirra liggja. Telur hann því eigi unnt að ákveða varanleg merki milli jarðanna eftir þeim, eins og þær nú liggja. Ákveður hann því, að landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness á þessu svæði skuli vera bein lína, dregin úr punkti 11 á uppdrættinum dómskjali 43 móts við Brennuodda í punkt a á línu milli punkta 2 og 3 105 metra frá punkti 2. Hefur dómurinn sett punkt a á uppdráttinn og dregið punktalínu milli hans og punkts nr. 11.

Verða þá landamerki milli Stafholtseyjar og Neðra-Ness sem hér segir: Frá punkti 11 á uppdrættinum dómskjali 43 bein lína í punkt a, þaðan í punkt 2 og þaðan í stefnu á punkt 1 móts við landamerki milli Stafholtseyjar og Langholts.

II. Landamerki milli Stafholtseyjar og Hamraenda.

Eigendur Stafholtseyjar og Hamraenda hafa orðið sammála um þá dómkröfu, að merki milli þeirra jarða verði ákveðin eftir rauðri og grænni línu, er dregin hefur verið á uppdráttinn á dómskjali 43 frá punkti 11 um 20, 21, 7, 5 í punkt 4.

Þá hefur eigandi Hamraenda krafizt, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi eigenda Stafholtseyjar og Neðra-Ness in solidum.

Landamerkjadómurinn lítur svo á, að þar sem því er þegar slegið föstu með dóminum, að Kríueyri tilheyri Stafholtsey, og eigendur Stafholtseyjar og Hamraenda hafa komið sér saman um

landamerkjalinu milli jarðanna, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að taka það samkomulag þeirra til greina.

Eigendur Neðra-Ness og Hamraenda hafa dregið inn á uppdráttinn dóm skjál 43 sameiginlega línu frá punkti 11 um 17 til 18 og virðast sammála um, að Þverá ráði merkjum milli jarðanna, svo sem segir í landamerkjabréfum þeirra.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1. Kostnaður við uppdrátt	kr. 6.502,00
2. Bifreiðakostnaður dómenda	— 1.065,00
3. Dagkaup meðdómenda (5 dagar hvor)	— 2.000,00

Samtals kr. 9.567,00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað í þessum hlutföllum: Eigandi Stafholtseyjar greiði $\frac{3}{8}$ hluta, eigandi Neðra-Ness greiði $\frac{3}{8}$ hluta og eigandi Hamraenda $\frac{1}{4}$ hluta. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Landamerki milli Stafholtseyjar í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu og Neðra-Ness í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu skulu vera þannig: Bein lína úr punkti 11 á uppdrætti á dóm skjali nr. 43 í máli þessu í punkt a, þaðan í punkt 2 og þaðan í stefnu á punkt 1, þar til kemur á mót við landamerki milli Stafholtseyjar og Langholts við Hvítá.

Landamerki milli Stafholtseyjar og Hamraenda í Stafholtstungnahreppi skulu vera þannig: Lína frá punkti 11 á uppdrætti á dóm skjali nr. 43 í máli þessu um punkta 20, 21, 7, 5 og í punkt 4.

Kostnaður við landamerkjadóminn, samtals að upphæð kr. 9.567,00 — níu þúsund fimm hundruð sextíu og sjö krónur — greiðist þannig, að Páll J. Blöndal, Stafholtsey, greiðir $\frac{3}{8}$ — þrjú áttundu — hluta hans, Þórdís Halldórsdóttir, Neðra-Nesi, $\frac{3}{8}$ — þrjú áttundu — hluta hans og Sigurður Gíslason, Hamraendum, $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.
